Alþingi
Erindi nr. Þ 139/1540
komudagur 1.3. 2011

**From:** Lilja Jónasdóttir [mailto:lilja@lex.is]
**Sent:** 28. febrúar 2011 13:57
**To:** Benedikt S. Benediktsson
**Cc:** kjartan.asmundsson@samskip.com
**Subject:** Fw: Samgöngunefnd Alþingis - beiðni um skriflegt álit

Sæll Benedikt

Umbjóðandi minn, Samskip hf., hefur falið mér að svara meðfylgjandi erindi þínu sem barst félaginu þann 17. febrúar s.l.

Af hálfu Samskipa hf. eru ekki gerðar athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2010 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (varðar tryggingar skipaeigenda gegn sjóréttarkröfum), þskj. 148, 135. mál 139. Löggjafarþings.

Staðfesti Alþingi ákvörðun EES-nefndarinnar er þess farið á leit að Samskip hf. fái til yfirlestrar og athugasemda drög að frumvarpi til breytinga á siglingalögum nr. 34/1985 til innleiðingar á tilskipuninni.

Virðingarfyllst

Lilja Jónasdóttir hrl.
Supreme Court Attorney/Partner

LEX